

# Barnasáttmálinn

## BARNASÁTTMÁLINN Í MYNDUM

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er mikilvægur samningur um réttindi barna í heimum eru reglur um það hvernig á að koma fram við börn og passa upp á að börn njóti alls þess sem þau þurfa til að þroskast og lifa góðu lífi.

Börn eiga sérstök mannréttini, óháð réttindum hinna fullorðnu. Öll börnin í heiminum, frá 0-18 ára, eiga að njóta sömu réttinda. Á Íslandi er Barnasáttmálinn hluti af lögum.

Á [www.barnis.is](http://www.barnis.is) eru upplýsingar um Barnasáttmálann reglur hans og þýðingu. Þar er útskýrt til hvaða greina sáttmálans myndirnar á þessu veggspjalni vísa.



Umboðsmáður barna vinnur að því að bæta hag barna og á að geta þess að tekið sé tillit til réttinda barna, þarfa og þögnuna á öllum stöðum samflagsins. Númer á [www.barnis.is](http://www.barnis.is).

## Hvað er barnasáttmáli ?

Barnasáttmálinn er samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi allra barna í heiminum.

Sameinuðuþjóðirnar eru mörg lönd sem hafa sett sér sömu reglur til að vernda börn og réttindi þeirra í heiminum.



# Fjölskylda

- Fjölskyldur eru alls konar.
- Öll börn eiga rétt á að þekkja og vera með báðum foreldrum sínum ef það er hægt, þó að þeir búi ekki saman.
- Foreldrar bera saman ábyrgð á börnum sínum og þeir eiga að vera góðir við börnin sín.
- Hverjir eru að leiða barnið á myndinni ?
- Hverjir skipta mestu máli til að börnin þroskist og líði vel ?
- Geta öll börn verið með foreldrum sínum?



# Fjölskyldugerðir

Sumar fjölskyldur eru litlar og aðrar stórar.

Stundum er eitt foreldri, stundum fleiri.

Sum börn búa hjá ömmu og afa.

Önnur börn eiga tvö heimili.

Mörg börn eiga hálsystkini og stjúpsystkini.

Það er gott að við erum ekki öll alveg eins.





# Fjölskyldur eru alls konar

Hérna er fjölskyldan barn, pabbi og mamma

Hérna er fjölskyldan  
barn og tveir pabbar



Hérna er fjölskyldan  
barn og tvær mömmur





Hérna er fjölskyldan  
barn og mamma





Hérna er fjölskyldan  
barn og pabbi



# Afar og ömmur

- Mörg börn eiga ömmu og afa, sum jafnvel langömmu og langafa.
- Ömmur og afar gefa sér oft tíma til að leika, spjalla og hlusta. Það er gott að leita til þeirra með spurningar.
- Í gamla daga bjuggu amma og afi stundum heima hjá barnabörnunum. Þau hjálpuðu til við heimilisstörf og gættu barnanna.

# Fjölskyldan

- Það er gott að tilheyra fjölskyldu.
- Allir fjölskyldu meðlimir hafa hlutverki að gegna.
- Hlutverk foreldra er að sjá til þess að fjölskyldan hafi mat, föt og húsnæði til að búa í.
- Það kostar peninga.
- Þess vegna vinna mömmur og pabbar ýmis störf utan og innan heimilisins.
- Það þarf að gera margt inni á heimilinu. Þar eru líka mikil samskipti.





Öll fjölskyldan getur hjálpast að með því að:

- Vinna heimilisstörfin
- Vera vingjarnleg og kurteis
- Aðstoða hvert annað
- Vera nægjusöm
- Við getum lagt okkar af mörkum til þess að heimilislífið gangi vel.

# Réttindi og skyldur

- Allir fjölskyldumeðlimir hafa réttindi og skyldur.
- Við eigum öll rétt á mat, fötum, húsaskjóli og umhyggju. En við berum líka ábyrgð.
- Börn eiga að koma vel fram við foreldra sína og foreldrar eiga að koma vel fram við börnin sín.



## **Forréttindi eru ekki það sama og réttindi.**

- Að fá mat eru réttindi.
- Að fara út að borða eru forréttindi.
- Að fá að leika sér eru réttindi.
- Að eiga dýr leikföng eru forréttindi.
- Verum nægjusöm og sýnum þakklæti fyrir það sem við eigum, höfum og getum.



# Við erum að vinna með 9. Gr. Barnasáttmálans



## 9. gr. Tengsl við fjölskyldu

Börn eiga rétt á því að vera í góðum tengslum við báða foreldra sína.

Ef foreldrar búa ekki saman eiga börn rétt á að umgangast báða foreldra sína ef það er ekki skaðlegt fyrir barnið t.d. vegna alvarlegra veikinda foreldris þar sem foreldrið gæti meitt barnið sitt eða það hugsar ekki nógu vel um barnið að öðru leyti.

Nú ætlum við að teikna fjölskylduna okkar





# Fjölskyldan mín

